



ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS ÁRBORGAR

Skipulags- og matslýsing

15.01.2020



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
1.1	Hvaða er aðalskipulag	7
1.2	Skipulags- og matslýsing	7
1.3	Starfshópur	8
1.4	Aðferðafræði og framsetning gagna	8
1.5	Heimsmarkmiðin og Framfaravogin	9
1.6	Breytingar á aðalskipulagi frá síðustu endurskoðun	10
2	TILEFNI ENDURSKOÐUNAR	11
2.1	Aðdragandi	11
2.2	Áherslur bæjarstjórnar	12
3	FORSENDUR	15
3.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	15
3.2	Íbúapróun	16
3.3	Atvinnumál	16
4	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	18
4.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	18
4.2	Aðrar stefnur og áætlanir	19
5	MATSLÝSING	20
5.1	Mat á áhrifum og vægi áhrifa	21
5.2	Valkostir	22
5.3	Umhverfisþættir og áherslur	22
6	SKIPULAGFERLIÐ	24
6.1	Drög að tímalínu	25

MYNDASKRÁ

MYND 1. Yfirlit yfir hinar þrjár víddir vísitölu félagslegra framfara. _____	9
MYND 2. Yfirlit yfir Heimsmarkmiðin, ekki eiga öll markmiðin við í vinnslu aðalskipulagsins. _____	11
MYND 3. Sveitarfélagsuppdráttur gildandi Aðalskipulags Árborgar 2010-2030. _____	15
MYND 4. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða. _____	17

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Yfirlit yfir tengsl við aðrar áætlanir. _____	19
TAFLA 2. Skilgreining á vægi áhrifa. _____	21
TAFLA 3. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og umhverfisviðmið. _____	22



1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Árborgar. Skipulags- og matslýsingin er unnin í samræmi við gr. 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Ráðgjafar við skipulagsvinnuna eru EFLA verkfræðistofa.

1.1 Hvaða er aðalskipulag

Aðalskipulag er eitt af fjórum megin skipulagsstigum samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 en þau eru; landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Gerð landsskipulags er á færi ríkisins og nær til alls landsins, svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög þar sem tekið er á sameiginlegum málefnum viðkomandi sveitarfélaga, aðalskipulag er gert fyrir hvert sveitarfélag og nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags, deiliskipulag er nánari útfærsla á aðalskipulagi þar sem ákveðið er byggðamynstur, húsagerðir, starfsemi, lóðamörk o.fl.

Aðalskipulag inniheldur stefnu sveitarfélags um landnotkun og þróun sveitarfélagsins. Stefnan skal unnin af sveitarfélaginu í samráði við íbúa og sett fram á skýran hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðlað málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum¹. Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem tekur til alls lands, vatns og hafs innan marka sveitarfélagsins. Í því skal koma fram stefna um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngur og þjónustukerfi, umhverfismál o.fl.

1.2 Skipulags- og matslýsing

Tilgangur með gerð skipulags- og matslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa bæjarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal bæjarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur bæjarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Samkvæmt gr. 4.2.3. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal gera grein fyrir eftirfarandi í skipulags- og matslýsingu:

- aðdraganda og tilgangi skipulagsgerðar, áherslum sveitarstjórnar við gerð skipulagsins, helstu viðfangsefnum og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar,
- umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf skipulagsgerðar, þ.m.t. meginþættir í búsetu og starfsemi, auk helstu takmarkandi þátta svo sem þeirra sem tengjast náttúruvá, verndun og varúð,

¹ Sjá gr. 4.1.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.



- helstu forsendum stefnumörkunar, svo sem byggðarþróun, þ.e. að gera grein fyrir mannfjöldaþróun undanfarinna ára og atvinnumálum og skýra þær breytingar sem orðið hafa. Setja fram framtíðarhorfur um byggðarþróun á svæðinu í samhengi við þróun á landinu öllu,
- áhrifum landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur skipulagsins,
- tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem svæðisskipulag ef það liggur fyrir, landsskipulagsstefnu, áætlanir um landnotkun á landsvísu, svo sem um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað, skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga, verndar- og orkunýtingaráætlun, verndaráætlanir friðlýstra svæða og aðra stefnumótun sem tengist viðfangsefninu. Lýsa þarf áhrifum þessara áætlana á skipulagsgerðina,
- frekari upplýsingum sem ráðgert er að afla og hvernig þær tengjast stefnumörkun áætlunarinnar og umhverfismati hennar,
- skipulagsferlinu, svo sem helstu verkáföngum og tímasetningu þeirra og hvernig kynningum, samráði og aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila verði háttáð,
- hverjir fari með þá málaflokka sem áætlunin taki til og eru umsagnaraðilar og hvenær í vinnuferlinu verði haft samráð við þá,
- hvernig staðið verði að umhverfismati áætlunarinnar, sbr. 4.4. gr. og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum endurskoðunar aðalskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

1.3 Starfshópur

Skipaður var starfshópur um endurskoðun aðalskipulags Árborgar. Sigurður Andrés Þorvarðarson sat í hópnum sem pólitískt kjörinn bæjarfulltrúi en í febrúar 2020 tók hann við starfi sem skipulagsfulltrúi Árborgar. Hjalti Tómasson í hans stað. Sigurður Andrés mun vera í hópnum ásamt fráfarandi skipulagsfulltrúa.

Starfshópurinn er skipaður af:

- Bárði Guðmundssyni og Sigurði Andrésí Þorvarðarsyni (skipulagsfulltrúa)
- Hjalta Tómassyni
- Sigurjóni V. Guðmundssyni (formanni skipulagsnefndar)
- Ara Birni Thorarensen

1.4 Aðferðafræði og framsetning gagna

Beitt verður aðferðum umhverfismats áætlana við greiningu skipulagsvalkosta sbr. 5. kafla. Skipulagsvalkostir verða bornir saman og metnir út frá tilteknum umhverfispáttum og viðmiðum.

Við vinnslu skipulagsins verður tekið mið af þegar samþykktri stefnumörkun sveitarfélagsins og öðrum gildandi áætlunum og stefnum, t.d. á ríkisstigi, sjá kafla 4. Áhersla verður á að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og nýta þau sem viðmið við umhverfismat og valkostagreiningu.

Nýtt aðalskipulag verður sett fram í greinargerð og á skipulagsuppráttum; sveitarfélagsupprætti, þéttbýlisuppráttum og skýringaruppráttum, eins og tilefni er til. Allar teikningar verða unnar á stafrænu formi í landupplýsingakerfi. Framsetning skipulagsgagna verður í samræmi við ákvæði í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Á vinnslustigi skipulagsins verður vefsíða sveitarfélagsins nýtt til samráðs og kynningar auk þess sem haldnir verða kynningarfundir meðan á skipulagsvinnunni stendur, sbr. 6. kafla.

1.5 Heimsmarkmiðin og Framfaravogin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru samþykkt árið 2015 og tóku gildi 1. janúar 2016. Heimsmarkmiðin miða að því að efla sjálfbæra þróun í heiminum til 2030, með því að útrýma fátækt og mismunun, auka velmegun allra og gera heiminn að betri stað².

Heimsmarkmiðin 17 innihalda alls 169 undirmerkmíð. Þar sem um er að ræða markmið fyrir mörg og ólík lönd er brýnt að finna leiðir til að hægt sé að meta árangur við að ná þeim með samræmdum hætti.

Sveitarfélagið Árborg er ásamt Kópavogsbæ og Reykjanesbæ að mæla félaglegar framfarir í sínum samfélögum og hafa tengt þá vinnu við Heimsmarkmiðin. Þar eru nefndar þrjár víddir (grunnþarfir, forsendur og velferð, tækifæri) vísitölu félagslegra framfara sem falla sérstaklega vel að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ná yfir 16 markmið af 17. Einungis markmið 8 er undanskilið en það snýr að atvinnu og hagvexti, sem eru hagrænar viðmiðanir og rúmast því ekki innan vísitölnunnar.

Við endurskoðun aðalskipulagsins verða Heimsmarkmiðin tengd við stefnuna og notuð sem umhverfisviðmið í umhverfismati aðalskipulagsins.



MYND 1. Yfirlit yfir hinar þrjár víddir vísitölu félagslegra framfara.

²<https://www.socialprogress.is/single-post/2019/04/05/Framfaravog-sveitarf%C3%A9laga-m%C3%A6lir-l%C3%ADfsg%C3%A6%C3%B0i-og-framfarir>



1.6 Breytingar á aðalskipulagi frá síðustu endurskoðun

Frá síðustu endurskoðun hafa verið gerðar fimm breytingar á gildandi aðalskipulagi en þær eru:

- Eyrarvegur 34-38, íbúðir
- Miðbær, Selfoss
- Göngu- og hjólastígur, Eyrarbakka
- 66kV jarðstrengur, ljósleiðari, göngu- og hjólreiðastígur milli Selfoss og Þorlákshafnar
- Athafnasvæði, skilmálabreyting búgarðabyggð, Byggðahorn


2 TILEFNI ENDURSKOÐUNAR

2.1 Aðdragandi

Bæjarstjórn Árborgar tók ákvörðun um að hefja endurskoðun aðalskipulags. Ákvörðunin var tekin eftir að bæjarstjórn hafði spurt sig gagnrýnina spurninga til að meta hvort forsendur hafi breyst frá gildandi aðalskipulagi.

- Hafa efnahagslegar og samfélagslegar forsendur breyst?
- Hefur framfylgd aðalskipulagsins gengið eftir eins og að var stefnt?
- Eru nýjar áskoranir eða verkefni sem þarf að bregðast við?
- Er framtíðarsýn og helstu markmið aðalskipulagsins enn í fullu gildi?
- Kallar þróun síðustu ára á viðbrögð í aðalskipulagi?
- Hvernig hefur almennt gengið að framfylgja aðalskipulaginu?
- Er aðalskipulagið góð leiðsögn fyrir gerð deiliskipulags?
- Hvernig samræmist aðalskipulagið öðrum áætlunum á lands- og svæðisvísu?
- Kallar Landsskipulagsstefna á breytingar?
- Hvaða áskoranir blasa við og hvernig á að takast á við þær?

Þetta eru þær spurningar sem horft var til við gerð skipulagslýsingar til þess að sveitarfélagið geti áttað sig á hvaða stefnumörkun hefur gengið vel og hvað ekki og hvaða áherslur eru mikilvægar við endurskoðunina. Í töflu 1 má sjá hvaða áherslur bæjarstjórn telur þurfa að vera í endurskoðuninni og hvernig áherslurnar tengjast Heimsmarkmiðunum. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir Heimsmarkmið.



MYND 2. Yfirlit yfir Heimsmarkmiðin, ekki eiga öll markmiðin við í vinnslu aðalskipulagsins.



2.2 Áherslur bæjarstjórnar

Bæjarstjórn hefur sett niður hverjar eru helstu áherslur við endurskoðunina og tengt þær við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Upptalning á Heimsmarkmiðum er ekki tæmandi og geta fleiri markmið átt við hverja áherslu en fram kemur í töflunni.

FLOKKUR	ÁHERSLA	HELSTU HEIMSMARKMIÐIN SEM EIGA VIÐ ÁHERSLUNA
Almennar áherslur	Að stefna sett fram í aðalskipulagi sé í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðuþjóðanna og Framfaravogina – <i>visitölu félagslegra framfara</i> sem sveitarfélagið vinnur eftir.	
	Að við allar framkvæmdir á vegum Árborgar verði þess gætt að röskun á náttúru og lífríki verði eins takmörkuð og kostur er.	
	Að sveitarfélagið Árborg verði áfram í fremstu röð varðandi verndun umhverfis og náttúru og því eftirsótt til búsetu sem vistvænt sveitarfélag með heilnæmu og aðlaðandi umhverfi.	
	Að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til að menn og náttúra búi saman árekstralaust. Að lagt verði kapp á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis og að rannsóknir verði gerðar á lífríkinu til þess að renna stoðum undir verndun þess.	
Samfélags- og umhverfismál	Að stefna aðalskipulags stuðli að heilsuefandi samfélagi innan Árborgar.	
	Að stuðla að jákvæðum áhrifum á loftlagsmál og setja fram mótvægisáðgerðir þar sem þess er þörf.	
	Að stefnt sé að kolefnisbindingu þar sem það er hægt.	
Náttúru- og menningarvernd	Að efla fuglafriðland í Flóa og tengsl þess við aðliggjandi svæði.	



FLOKKUR	ÁHERSLA	HELSTU HEIMSMARKMIÐIN SEM EIGA VIÐ ÁHERSLUNA
	Að meta hvort tilefni er til þess að friðlýsa hluta strandlengjunnar.	
Íbúðarbyggð	Að greina þróun íbúðarbyggðar og framtíðarþörf á nýju landi undir íbúðarbyggð.	
	Að skilgreina hvort auðir reitir eru innan þéttbýliskjarna sveitarfélagsins sem ákjósanlegt er að byggja á með það að markmiði að skapa bættu samfellu í byggð.	
	Að fullnýta íbúðareiti innan Stokkseyrar og Eyrabakka áður en nýjir íbúðareitir verða deiliskipulagðir, en líta þó til þess að breyta eða útbúa deiliskipulag þar sem það getur orðið til að þétta byggð og auka eftirspurn eftir byggingarreitum.	
	Að hafa góðar tengingar íbúðarbyggðar við útivistarsvæði og náttúru.	
	Að landnýting verði góð með blandaðri og fjölbreyttri íbúðarbyggð í takt við byggðamynstur á hverju svæði.	
	Að breyta landnotkun fyrir svokallaða búgarðabyggð í landbúnaðarland eða íbúðabyggð og leggja áherslu á góða nýtingu þeirra svæða sem þegar hafa verið byggð upp.	
	Að meta þörf fyrir svæði undir atvinnustarfsemi s.s. athafnasvæði og iðnaðarsvæði. Stuðla að uppbyggingu fjölbreyttrar atvinnustarfsemi.	
Atvinna	Að móta framtíðarsýn fyrir Eyrabakka og Stokkseyri í atvinnumálum með það að leiðarljósi að skapa byggðakjörnunum sérstöðu.	
	Að stuðla að fjölgun þekkingarstarfa og uppbyggingu þekkingarsamfélags og hvetja þannig til að fólk starfi í heimabyggð. Sérstök áhersla verði lögð á að nýting húsnæðis sunnanvert við vesturhluta Austurvegar þjóni þessum tilgangi.	



FLOKKUR	ÁHERSLA	HELSTU HEIMSMARKMIÐIN SEM EIGA VIÐ ÁHERSLUNA
	Að styrkja grunnstoðir ferðapjónustunnar m.t.t. DMP áætlunar fyrir Suðurland.	  
	Að skoða nýja tengingu þjóðvegjar austan þéttbýlis Selfoss við Eyrarbakkeveg til að draga þungaflutninga frá þéttbýlinu.	 
	Að efla vistvænar samgöngur með öflugu neti göngu- og hjólastíga, skoða möguleika á samgöngumiðstöð á Selfossi og að stefnumið styðji við orkuskipti bílaflotans.	  
	Að meta stöðu Selfossflugvallar og staðsetningu hans til framtíðar.	
Þjónustukerfi/innviðir	Að stefnan stuðli að því að tekið sé frá svæði fyrir sjálfbærar ofanvatnslausnir við hönnun svæða til að auka fjölbreytni í fráveitulausnum þar sem núverandi fráveitukerfi er komið að þolmörkum.	 
	Að leggja mat á öflun neysluvatns til framtíðar.	 
	Að endurskoða forsendur við náttúruvá s.s. hækun sjávar, flóð í Ölfusá og jarðskjálftaógn.	 


3 FORSENDUR

Í þessum kafla er farið yfir helstu forsendur sem stefnumótunin mun byggja á. Helstu forsendur svo sem breytingar orðið hafa og eru líklegar á byggðarþróun, mannfjöldapróun undanfarinna ára og í atvinnumálum.

3.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Sveitarfélagið Árborg varð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga í vestanverðum Flóa. Sveitarfélagið varð til úr Selfossbæ, Eyrabakkahreppi, Stokkseyrarhreppi og Sandvíkurhreppi. Sveitarfélagið er 159 km² að stærð, þar af 1,6 km² fjallendi í Ingólfsfjalli ofan 100 m hæðarlínu, 14 km² er land undir Ölfusá. Þéttbýli er að mestu neðan við 20 m hæðarlínu og er alls um 6 km²; Selfoss 5 km², Stokkseyri 0,5 km² og Eyrarbakki 0,5 km².

Mestur hluti lands sveitarfélagsins er gróinn. Neðan 80 m hæðarlínu er land grasgróið, móar og mýrar. Land í Ingólfsfjalli er minna gróið, sérstaklega skriður í suðurhlíðum þess en ofan fjallsbrúnar er mest um mosavaxna mela að ræða. Milli byggðar í fyrrum Sandvíkurhreppi og byggðar á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar eru flatar og blautar mýrar, grunnvatn stendur hátt en jarðvegur er ekki þykkur. Fjöldi tjarna er á svæðinu og fuglalíf fjölskrúðugt, einkum á vorin og sumrin.



MYND 3. Sveitarfélagsuppráttur gildandi Aðalskipulags Árborgar 2010-2030.



3.2 Íbúapróun

Stærstu forsendubreytingarnar sem hafa átt sér stað eru þróun íbúafjölda í Árborg frá samþykkt gildandi aðalskipulags. Á vef Hagstofu Íslands 1. nóvember 2019 eru íbúar Árborgar 9.961, í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir að árið 2030 verði íbúar 9.625 (miðað við 1% fjölgun yfir allt skipulags-tímabilið). Íbúum hefur fjölgað talsvert meira en gert var ráð fyrir.

Þjóðskrárupplýsingar fyrir Árborg 1. nóvember 2019:

- Fjöldi íbúa nú 9.961
- Fjöldi íbúa fyrir 1 mánuði 9.879 fjölgun um 82 eða 0,83% (9,96%/ári)
- Fjöldi íbúa fyrir 3 mánuðum 9.777 fjölgun um 184 eða 1,88% (7,53%/ári)
- Fjöldi íbúa fyrir 12 mánuðum 9.398 fjölgun um 563 eða 5,99%

Í gildandi skipulagi er jafnframt tekið fram að m.v. háspá fyrir íbúafjölda gætu íbúar verið orðnir 10.360 í lok skipulagstímabilsins, er þá miðað við að fjölgun væri 0,5% fyrstu ár skipulagstímabilsins síðan stigvaxandi í 1% og 2% í lok tímabilsins. Í Húsnæðisáætlun Árborgar 2018-2025 (óstaðfest), kemur fram hversu mikil íbúafjölgun hefur verið á undanförunum árum. Árið 2016 fjölgaði íbúum um 3,2% eða um 265 íbúa. Eins og fram kemur í þessum tölum í Húsnæðisáætluninni hefur fjölgunin verið umfram björtustu spár. Samkvæmt þessari áætlun í gildandi aðalskipulagi er svigrúm til fjölgunar íbúa ekki mikil. Á síðustu þremur árum (2017-2019) hefur fjölgun íbúa í Árborg verið um 6% á hverju ári. Og gerir sveitarfélagið ráð fyrir áframhaldandi vexti³. Með íbúafjölgun fylgir að auka þarf þjónustu svo sem uppbyggingu leik- og grunnskóla og annarrar samfélagsþjónustu og þarf að skoða þá þætti í samhengi við íbúafjölgun og spár til næstu ára.

Dreifing íbúa á milli þéttbýlisstaða innan Árborgar er eftirfarandi:

- Fjöldi íbúa á Selfossi: 8.489
- Fjöldi íbúa í dreifbýli: 326
- Fjöldi íbúa á Eyrarbakka: 555
- þar af dreifbýli Eyrarbakka: 14
- Fjöldi íbúa á Stokkseyri: 556
- þar af dreifbýli Stokkseyri: 74
- Óstaðsettir: 35

Við endurskoðun aðalskipulagsins verður betur farið í forsendur á bak við framtíðarspár um íbúafjölgun og aldurssamsetning íbúa greind. Einnig verða fleiri þættir greindir til að styðja við stefnumótun um íbúabyggð og uppbyggingu þjónustu svo dæmi séu nefnd.


3.3 Atvinnumál

Atvinna í Árborg er fjölbreytt en sveitarfélagið hefur vaxið mjög hratt á undanförunum árum og hefur framboð starfa innan svæðisins ekki aukist í takt við íbúafjölda. Því sækir hluti íbúa Árborgar vinnu fyrir

³ <https://www.vb.is/frettir/lokka-folk-til-selfoss/157613/>

utan sveitarfélagsmörk og oft á höfuðborgarsvæðið. Lítið er til af tölfræðiupplýsingum um hvar fólk starfar út frá búsetu. Samkvæmt ferðavenjukönnun sem unnin var sumarið 2018 kemur fram að svarendur í Árborg fara oftár út fyrir búsetusvæði en svarendur í öðrum jaðarbyggðum. Þar kemur fram að karlar fara oftár út fyrir búsetusvæði en konur og að svarendur með starfsmenntun fara oftár út fyrir⁴. Þó ekki sé hægt að fullyrða, þá er ekki ólíklegt að um sé að ræða ferðir út fyrir búsetusvæði vegna vinnu. Vinnusóknarsvæði skv. skilgreiningu Bygðastofnunar eru í raun tvö fyrir Árborg:

- **Svæði nr. 27. Hvolsvöllur.** Nær austan frá Skógum, vestur um Helli að Selfossi. Fellur að miklu leyti saman við vinnusóknarsvæði Helli og Selfoss.
- **Svæði nr. 28. Selfoss.** Austan við Markarfljót, norðan frá Haukadal og Laugarvatni og vestur til Þorlákshafnar, Voga og Hveragerði og til Reykjavíkur.



MYND 4. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða.



4 TENGLUM VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér verður greint frá tengslum við aðrar áætlanir og hver eru áhrif landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur endurskoðunar aðalskipulagsins. Greint verður frá tengslum aðalskipulagstillögunnar við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem áætlanir um landnotkun á landsvísu t.d. um samgöngur, orkuvinnslu og landbúnað. Einnig verður farið yfir aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga o.fl. eftir því sem tilefni er til.

4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Stefnunni er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætla-ana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun. Stefnan á einnig að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um þróun byggðar og landnýtingu.

Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð svæðis- og aðalskipulags.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar auk markmiða skipulagslaga:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.⁵

Þeir þættir landsskipulagsstefnunnar sem Árborg þarf að taka mið af er stefna um skipulag í dreifbýli og búsetumynstur og dreifing byggðar.

Í breyttri landsskipulagsstefnu sem er í vinnslu verður sett fram stefna og leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um hvernig beita megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja víðtækar og viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi. Sett verður fram stefna um skipulagsaðgerðir sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með samþættu byggðar- og samgönguskipulagi sem dregur úr ferðapörf, styður fjölbreyttan ferðamáta og tryggir innviði fyrir orkuskipti. Einnig um skipulagsaðgerðir sem miða að bindingu gróðurhúsalofttegunda með verndun og endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt. Jafnframt verður þar fjallað um skipulagsaðgerðir vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum, svo sem með grænum innviðum, varnarmannvirkjum og útfærslu byggðar með tilliti til hækkunar sjávarborðs.

⁵ <https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan>



4.2 Aðrar stefnur og áætlanir

TAFLA 1. Yfirlit yfir tengsl við aðrar áætlanir.

ÁÆTLUN	TENGLI VIÐ ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS
Samgönguáætlun 2020-2034 – drög í samráðsgátt Drög að aðgerðaráætlun 2020-2024 í samráðsgátt	Stefna sveitarfélagsins sé í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum.
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030	Orkuskipti í vegasamgöngum. Átak í kolefnisbindingu og bættri landnotkun – skógrækt – landgræðsla- endurheimt votlendis – kolefnisbinding í samstarfi við sauðfjárbændur. Loftslagsstefna.
Náttúruminjaskrá	Eftirfarandi svæði eru á náttúruminjaskrá: 748- Hraunbollar 750- Fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka 774- Kerin (Grýlupottar) 775- Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar 776- Vötn, tjarnir og flóð við Stokkseyri 777- Gamla Hraun og nágrenni
Stefnumörkun Íslands um líffræðilegan fjölbreytileika	Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi - Votlendi og önnur svæði inn til lands - m.a fuglafriðlandið í Flóa, jörðinni Óseyrarnes. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – Fjörur og grunnsvæði – strandlengjan hjá Stokkseyri og Eyrarbakka.
Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028	Stefna sveitarfélagsins sé í samræmi við Kerfisáætlun.
Ramsar-samningurinn um votlendi	Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi - Votlendi og önnur svæði inn til lands - m.a fuglafriðlandið í Flóa, jörðinni Óseyrarnes. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – Fjörur og grunnsvæði – strandlengjan hjá Stokkseyri og Eyrarbakka.
Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 (er í endurskoðun)	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029	Sveitarfélagsmörk og samlegðaráhrif vegna landnotkunar á sveitarfélagsmörkum.
DMP áætlun fyrir Suðurland	Samræming við starfsmarkmið og aðgerðaráætlun fyrir grunnþjónustu, uppbyggingu, samgöngur og stefnumótun.
Aðgerðaráætlun gegn hávaða	Stefnan útrunnin 2018 en finna má á heimasíðu Umhverfisstofnunar hávaðakort af hringveginum sem fer í gegnum Selfoss.
Atvinnumálastefna	Samræma við meginmarkmið, sem er: Að skapa samkeppnishæfan grundvöll og eðlileg vaxtarskilyrði fyrir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í stað þess að taka með beinum hætti þátt í starfsemi fyrirtækja. Að laða fyrirtæki til sveitarfélagsins í því skyni að skapa fleiri og fjölbreyttari störf fyrir þann vaxandi fjölda fólks sem kys að setjast að í Árborg.
Fjölskyldustefna	Skoðaðar verða þær aðgerðir sem settar eru fram til að ná markmiðum atvinnustefnunnar.
Fjölskyldustefna	Stefnan vitnar í Umhverfisstefnu til að framfylgja megin áherslum fjölskyldustefnunnar.
Húsnæðisáætlun Árborgar	Samræma þarf íbúaspá og nýta greiningu sem unnin hefur verið m.a. um samsetningu húsnæðis og aldurs og tekna innan sveitarfélagsins.
Stefna í íþrótt- og tómstundamálum	Í stefnunni verður lögð áhersla á nægt landsvæði til frekari þróunar íþrótt- og tómstunda aðstöðu og göngu- og hjólastíganet verður endurskoðað. Styður þetta við setta stefnu í íþrótt- og tómstundamálum.
Umhverfisstefna Árborgar	Umhverfisstefna er í samræmi við gildandi aðalskipulag og verður áfram kappkostað að gera Árborg að sveitarfélagi sem er í fararbroddi í umhverfismálum.
Stefna um málefni aldraðra	Skoðað verður hvort stefna í málefnum aldraða geti haft áhrif á t.d. legu göngustíga að þjónustu og þeim svæðum þar sem uppbygging er að eiga sér stað á þjónustu-íbúðum og íbúðum fyrir 60+.



5 MATSLÝSING

Í þessum kafla er greint frá því hvernig staðið verður að umhverfismati við endurskoðun aðalskipulags Árborgar og helstu áherslum matsvinnunnar.

Endurskoðun aðalskipulags Árborgar fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sökum þess að eftirfarandi þættir eiga við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum nr. 105/2006
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000⁶

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, er samþykkt af bæjarstjórn Árborgar og markar stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum 1 og 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Mögulegar framkvæmdir innan sveitarfélagsins sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- Landbúnaður og skógrækt
- Stofnbrautir í þéttbýli
- Tengibrautir í þéttbýli
- Efnislosun

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku starfshóps um endurskoðun aðalskipulags, skipulagsnefnd og bæjarstjórn Árborgar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum til handa íbúum Árborgar.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif aðalskipulagsins.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Jafnframt verður umhverfismat áætlana nýtt til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif skipulagstillögunnar. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi endurskoðunar aðalskipulags Árborgar við aðrar áætlanir, stefnur og alþjóðlega samninga í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Yfirlit yfir helstu áætlanir sem um ræðir er að finna í kafla 4 hér fyrir ofan.

⁶ Sjá 1. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.



5.1 Mat á áhrifum og vægi áhrifa

Bæjarstjórn, skipulagsnefnd og starfshópur mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafa. Í umhverfismatinu verður byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 3 um hvern megin umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

1. **Umfang:** Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunni að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrif áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk?
2. **Líkur:** Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?
3. **Sammögnun áhrifa:** Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið.
4. **Áhætta:** Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum Árborgar, markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa er sett fram til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu 2. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, engin eða óveruleg, óviss eða háð útfærslu

TAFLA 2. Skilgreining á vægi áhrifa.

VÆGI ÁHRIFA	SKÝRING
Jákvæð áhrif (+)	Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Engin eða óveruleg áhrif (o)	Stefna áætlunar hefur engin eða ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð áhrif (-)	Stefnan áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óvissa (X)	Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa á umhverfisþáttinn. Skortur er á upplýsingum, tæknilegir annmarkar og/eða skortur á þekkingu.
Háð útfærslu (?)	Áhrif eru háð útfærslu á síðari stigum skipulags eða framkvæmda, s.s. á deiliskipulagsstigi og/eða framkvæmdastigi.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum. Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.



5.2 Valkostir

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta er snerta einna helst íbúðarbyggð, atvinnusvæði og samgöngur. Á þessu stigi er ekki hægt að gefa tæmandi yfirlit yfir þá kosti sem metnir verða við áætlanagerðina. Megin áherslur í greiningu á valkostum og sviðsmyndum sem metin eru á þessu stigi verða eftirfarandi:

- Þróun íbúðarbyggðar og byggðamynstur í dreif- og þéttbýli
- Staðsetning þungamiðju verslunar – og þjónustusvæða
- Skipulag samgöngukerfis









Í matinu verða valkostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi grunnástand. Valkostir verða bornir saman m.t.t. umhverfisviðmiða fyrir hvern og einn umhverfisþátt. Samanburður á valkostum verður settur fram í yfirlitstöflum.

5.3 Umhverfisþættir og áherslur








































Í umhverfismati áætlunarinnar verða helstu þættir til umfjöllunar samfélag, heilsa og vellíðan, efna- hagur, dýralíf, gróður, vatn, sjór og strandlína, náttúruminjar, menningarminjar, landslag, náttúruvá og landslag. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 3.

Í umhverfismati áætlunarinnar verða sett viðmið fyrir hvern megin umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Árborgar, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður lögð á að undirbyggja matið með mælanlegum umhverfisvísnum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstaflna.

TAFLA 3. Yfirlit yfir umhverfisþætti, matsspurningar og umhverfisviðmið.

UMHVERFIS-ÞÆTTIR	MATSSPURNING	DÆMI UM VIÐMIÐ
Samfélag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> • íbúafjölda eða íbúasamsetningu? • gæði byggðar? • gæði þjónustu við íbúa? 	 
Heilsa og vellíðan	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> • umferðaröryggi? • lífgæði s.s. aðgengi að opnum svæðum og náttúru? 	     



UMHVERFIS-ÞÆTTIR	MATSSPURNING	DÆMI UM VIÐMIÐ
Efnahagur	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">atvinnumöguleika íbúa?efnisleg verðmæti?	     
Dýralíf	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">líffræðilegan fjölbreytileika?dýrategundir sem njóta sérstakrar verndar?mikilvæg vistsvæði fugla?Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra?	    
Gróður	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">líffræðilegan fjölbreytileika?vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar?	     
Vatn, sjór og strönd	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">vatnsverndarsvæði?vötn, ár og læki?votlendi?strandsvæði eða grunnsævi?	    
Náttúruminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">friðlýst svæði?önnur svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd?svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun?hverfisverndarsvæði?	  
Menningarminjar	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">minjar?friðlýstar minjar?búsetu- eða menningarlandslag?	 
Landslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">landslagsheildir sem teljast mikilvægar skv. lögum um náttúruvernd?yfirbragð byggðar?Verndarsvæði?	  
Náttúruvá	Verður náttúruvá til staðar á: <ul style="list-style-type: none">nýjum íbúðarsvæðum?núverandi íbúðarsvæðum?megin samgönguæðum?	  
Loftslag	Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á: <ul style="list-style-type: none">loftgæði?losun gróðurhúsalofttegunda?	     



6 SKIPULAGFERLIÐ

Skipulags- og matslýsing verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Almennungi og umsagnaraðilum er þar með gefinn kostur á því að koma að sjónarmiðum og ábendingum varðandi efnistöð og vinnslu skipulagsins.

Skipulagslýsingin verður send til umsagnaraðila og þeim gefinn 4 vikna frestur til að koma með ábendingar og/eða athugasemdir við hana.

Helstu umsagnaraðilar vegna lýsingarinnar eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin, vegasvið og siglingasvið
- Flóahreppur
- Sveitarfélagið Ölfus
- Landgræðsla ríkisins
- Skógræktin
- Fiskistofa
- Veðurstofan
- HS Veitur
- Rarik
- Selfoss veitur
- Landsnet

Samráð verður haft við íbúa og aðra hagsmunaaðila við gerð skipulagsins og gert er ráð fyrir að tillaga að aðalskipulagi og umhverfisskýrsla verði kynnt á almennum íbúafundi áður en sveitarstjórn tekur aðalskipulagið til fyrstu umræðu. Eftir að unnið hefur verið úr athugasemdum sem berast á kynningar-tíma verður skipulagið auglýst í sex vikur og almenningi og umsagnaraðilum gefst tækifæri til að yfirfara skipulagið og senda inn umsagnir og athugasemdir. Aftur verða umsagnir og athugasemdir teknar fyrir áður en nýtt aðalskipulag verður staðfest af sveitarstjórn og Skipulagsstofnun.



6.1 Drög að tímalínu

Hér eru sett fram drög að tímaáætlun. Stefnit er að því að forkynning á aðalskipulagstillögu geti farið fram að ári og að nýtt aðalskipulag verði staðfest um mitt ár 2021.

	2019-2020		2020	2021	
	Desember- Febrúar	Febrúar- Október	Nóvember- Desember	Febrúar- mars	Apríl-ágúst
Áfangi I: Skipulagslýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga					
Skipulagslýsing samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn					
Skipulagslýsing kynnt fyrir íbúum á heimasíðu sv.félags					
Samráð við hagsmunaaðila					
Áfangi II: Undirbúningur tillögu og forkynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga					
Fyrstu drög skipulagshugmynda					
Umhverfisskýrsla og tillögugerð					
Drög að aðalskipulagi kynnt fyrir íbúum					
Drög að aðalskipulagi kynnt fyrir aðliggjandi sveitarfélögum					
Áfangi III: Samþykkt tillögu og auglýsing skv. 31. gr. skipulagslaga					
Aðalskipulagstillaga samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn, og sent til yfirferðar Skipulagsstofnunar					
Auglýsing aðalskipulagstillögu					
Lokadrög skipulagstillögu					
Áfangi IV: afgangið og gildistaka aðalskipulags skv. 32. gr. skipulagslaga					
Yfirferð umsagna og athugasemda					
Samþykkt í skipulagsnefnd og sveitarstjórn					
Yfirferð Skipulagsstofnunar					
Gildistaka aðalskipulags auglýst í B-deild Stjórnartíðinda					